

BORGARRÁÐ 14. mars 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins um framtíð kolaportsins – MSS24030078

Hver er framtíð Kolaportsins næstu vikur og mánuði? Hefur verið haft samband við hagaðila, stjórnendur og sölufólk og það upplýst um væntanlegar breytingar til skemmri og lengri tíma? Tekin hefur verið ákvörðun um að Listaskólinn flytji inn í húsnæði Kolaportsins í Tryggvagötu. Hvenær og hvert mun Kolaportið þá flytja?

Greinargerð:

Í borgarráði hefur verið rætt um almenningsmarkaði á breiðum grundvelli og ýmislegt reifað í því sambandi. Ekki liggur skýrt fyrir um hver afdrif Kolaportsins verða og skapar það óvissu fyrir bæði hagaðila, sölufólk og gesti/fastagesti.

Nýlega var erindisbréf starfshóps dags. 5. mars 2024 samþykkt í borgarráði sem hefur það hlutverk “að gera þarfagreiningu á húsnæði undir flóamarkað, kortleggja möguleika og bestu staðsetningar í miðborginni, þ.m.t með því að kanna markaðinn þar sem auglýst verði eftir mögulegum valkostum” Enginn með reynslu af Kolaportinu, stjórnendur þess eða sölufólk á sæti í hópnum sem er forkastanlegt. Sá hópur er sem sé sniðgenginn af borgarstjóra og meirihlutanum og borið við að það sé gert vegna samkeppnissjónarmiða.

Saga Kolaportsins er löng og merkilega og á staðurinn sér sess í hjarta fjölda fólks. Segir í erindisbréfinu að nú hafi verið tekin ákvörðun um að breyta Tollhúsinu í nýjar höfuðstöðvar Listaháskóla Íslands og því ljóst að starfsemi þess mun leggjast af í núverandi mynd. Ekki er farið neinum orðum um hvað verður um Kolaportið næstu misseri? Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að standa vörð um Kolaportið og megi það fyrir enga muni leggjast af. Finna þarf hið bráðasta sambærilegan stað hvort sem hann er miðsvæðis eða á öðrum stað í borginni.